

## Halldór Karl Hermannsson

---

**From:** Skjaladeild  
**Sent:** miðvikudagur, 16. júní 2021 16:12  
**To:** Halldór Karl Hermannsson  
**Subject:** Samstarf um rekstur hafna á Suðurnesjum

Sæll Halldór Karl.

Á fundi bæjarráðs 10. júní var eftirfarandi bókað:

Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri Reykjaneshafnar mætti á fundinn. Lagt fram minnisblað um mögulegt samstarf um rekstur hafna á Suðurnesjum.

Bæjarráð tekur undir bókun stjórnar Reykjaneshafnar frá 252. fundi 27. maí 2021 og telur að ekki sé grundvöllur fyrir frekari sameiningarviðræðum.

Bókun 252. fundur stjórnar Reykjaneshafnar 5. mál:

„Með bréfi dags. 28.08.2020 óskaði Suðurnesjabær eftir viðræðum milli Sandgerðishafnar, Grindavíkurhafnar og Reykjaneshafnar um hugsanlega möguleika og tækifæri til framtíðar í samstarfi þessara hafna með það markmið að styrkja rekstur þeirra. Stjórn Reykjaneshafnar samþykkti á 244. fundi sínum að taka þátt í að skoða þá möguleika sem falist geta í samstarfi viðkomandi hafna með hagræðingu að leiðarljósi. Í framhaldinu hóf vinnuhópur skipaður fulltrúum hafnanna að skoða hvort rekstrarhagræðing náist fram við aukna samvinnu eða sameiningu viðkomandi hafna. Í minnisblaði vinnuhópsins frá 19. maí s.l. sem liggur frami á fundinum kemur fram að slík rekstrarhagræðing sé ekki sjáanleg og því ekki grunnur að nánari samstarfi eða sameiningu út frá þeirri forsendu. Í minnisblaðinu er því beint til kjörinna fulltrúa í hafnar- og bæjarstjórnnum sveitarfélaganna að þeir taki afstöðu til þess hvort auka eigi samvinnu eða sameiningu hafnanna á öðrum forsendum en rekstrarlegum. Eftirfarandi var lagt fram: Stjórn Reykjaneshafnar fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið varðandi möguleika á samstarfi eða sameiningu hafnanna á Suðurnesjum og þakkar vinnuhópnum fyrir góð vinnubrögð. Stjórnin er ávallt tilbúin til að leita hagræðingar í rekstri Reykjaneshafnar sem og að efla rekstur hafnarinnar á allan hátt. Í því hefur falist m.a. að eiga samtöl við aðrar hafnir á Suðurnesjum um sameiginlega hagsmuni og möguleika á samstarfi. Slík samtöl hafa gefist vel hingað til og gera það vonandi áfram. Samkvæmt minnisblaði vinnuhópsins er ekki sjáanleg rekstrarhagkvæmni í að sameina rekstur viðkomandi hafna en slíkt hlýtur að vera stór forsenda fyrir slíkri framkvæmd. Stjórn Reykjaneshafnar telur því að óbreytt fyrirkomulag í rekstri Reykjaneshafnar sé heillavænlegast að svo stöddu en ekkert hamlar því að það fyrirkomulag verði endurskoðað í framtíðinni. Samþykkt samhljóða.“

Á fundi bæjarstjórnar í gær var afgreiðsla bæjarráðs staðfest.

Bestu kveðjur,

### Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir

Skjalavörður

Skrifstofa stjórnarsýslu

Ráðhús Reykjaneshafnar, Tjarnargata 12

Sími +354 421 6700

[www.reykjaneshafnar.is](http://www.reykjaneshafnar.is)



**REYKJANESBÆR**  
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Reykjaneshafnar.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity